

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Mosfellsbæjar.

1. gr.

Vatnsgjald.

Almennt vatnsgjald skal vera 0,10% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjalddagar almenss vatnsgjalds eru þeir sömu og bæjarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarféluginu.

2. gr.

Heimæðagjöld.

Gjald vegna heimæða skal vera sem hér segir.

32 mm rör	165.429	kr. án vsk.
40 mm rör	220.351	kr. án vsk.
50 mm rör	317.080	kr. án vsk.
63 mm rör	606.595	kr. án vsk.
75 mm rör	867.845	kr. án vsk.
90 mm rör	1.078.387	kr. án vsk.
110 mm rör	1.200.868	kr. án vsk.
140 mm rör	1.346.802	kr. án vsk.
180 mm rör	1.616.917	kr. án vsk.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Vatnsveitu Mosfellsbæjar í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 35 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 35 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkt greiðir hann heimæðagjöld að nýju. Álag vegna vatnsúðaheimæða er kr. 3.210.570 fyrir hverja heimæðarlögn.

Gjald vegna tengingar vinnuvatns er kr. 73,15 án vsk.

3. gr.

Mælagjöld.

Gjald vegna rennslismæla skal vera sem hér segir, verð án vsk.

stærð mælis	verð kr./dag	
15 mm	30,05	án vsk.
20 mm	33,03	án vsk.
25 mm	42,67	án vsk.
32 mm	47,14	án vsk.
40 mm	59,88	án vsk.
50 mm	70,31	án vsk.
80 mm	189,41	án vsk.
100 mm	193,90	án vsk.

4. gr.

Grafstrargjöld.

Gjald er lagt á vegna ídráttarröra, fleygunar og sprenginga. Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgraftar og er gjaldið 8.806 kr./lengdarmetra án vsk.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða að frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á.

Nr. 1335

2. desember 2015

Klaki/klöpp	dýpt sm	kr./lengdarmetra/án vsk.
klaki/klöpp	< 30	2.980
klaki/klöpp	> 30	6.013

5. gr.

Aukavatnsgjald.

Aukavatnsgjald til stórnötenda er 38,01 kr./m³ án vsk.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1123/2014.

Mosfellsbæ, 2. desember 2015.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. janúar 2016